

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í Eyjólfstaðaskógi, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 5. mars 2008, deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Skógræktarfélags Austurlands, Eyjólfsstöðum, Fljótsdalshéraði.

Svæðið sem hér um ræðir eru svæði D, E og F.

Svæði D er 23,9 ha að stærð þar sem gert er ráð fyrir 28 lóðum. Svæði E er ein lóð með sömu skilmálum og gilda um svæði D. Á svæðinu stendur aflagður brunnur og dæluhús vatnsveitu Alþýðusambands Austurlands. Á svæði F er aðstöðuhús Skógræktarfélags Austurlands, „Blöndalsbúð“. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 1. ágúst 2008.

Ómar Þ. Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. ágúst 2008